

## Forvitnir selir fylgdust með umferð

Á mörgum stöðum á landinu er hægt að fylgjast með selum úr hæfilegri fjarlægð og víða er bú-ið að byggja upp góða aðstöðu fyrir áhorfendur, gott dæmi um þannig framkvæmdir er við Ytri Tungu í Staðarsveit en þar er bú-ið að koma upp fínni aðstöðu og bílastæðum.

Meðfylgjandi mynd var þó ekki tekin í Staðarsveit heldur í Fróð-árhreppi, nánar tiltekið í Tungu-ós. Oft geta vegfarendur séð sel liggja á klöpp í ósnum þegar háflóð er, að þessu sinni voru selirnir tveir þegar ljósmyndari átti leið hjá rétt fyrir síðustu helgi. Selirnir fylgdust með þegar bílar brunuðu framhjá en voru ekki of stressaðir þó að ljósmyndari nálg-aðist þá, að endingu létu þeir sig þó hverfa ofan í ósinn og hafa lík-lega hafið leit af æti.

JÓ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

## Breyting á útvistartíma

Þann 1. september síðast-liðinn tóku í gildi breytingar á útvistartíma barna og unglínga yfir vetrartíma. Nú mega börn 12 ára og yngri vera lengst úti til klukkan 20 á kvöldin en unglíngar á aldrinum 13 til 16 ára mega vera úti til klukkan 22. Aldur miðast við fæðingarár við túlk-

un reglnanna. Þessar reglur eiga þó ekki við þegar unglíngar eru á heimleið úr viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Hvíld og svefn er börnum afar mikilvægur, ekki síst þegar einbeitingar er þörf við nám eða aðra skipulega ástundun.

**Tékkkaðu á brjóstunum**  
**Is it time for your regular breast screening?**  
**Czy nadszedł czas na mammografię?**

**Bókaðu tíma/Schedule appointment 513 6700 (8:30-12:00)**

# Sædís valin í A landslið

Sædís Rún Heiðarsdóttir hefur verið valin í hóp A-landsliðs kvenna sem mun taka þátt í tveimur leikjum í Þjóðadeild UEFA í september. Sædís spilar sem vinstri bakvörður en eins og flestum er kunnugt hefur hún verið virkilega öflug í fótboltanum, bæði í íslensku deildinni og með yngri liðum landsliðsins. Sædís hefur leikið 33 leiki með yngri deildum landsliðsins, þar af 20 með U-19 þar sem hún spilar sem fyrirlíði liðsins. Eins hefur hún borið af í íslenska boltanum í sumar með Stjörnunni en hún hefur verið nú sinnu í liði umferðarinnar hjá Fótbolta.net, var

valin besti leikmaður seinni umferðar í hlaðvarpinu Heimavöllurinn og er búin að vera besti leikmaður Stjörunnar á tímabilinu. Í viðtali Fótbolta.net við Þorstein Halldórsson, landsliðsþjálfara, segir hann Sædís vera skapandi bakvörð hjá Stjörnunni og vera sterka í föstum leikatriðum þar sem hún hefur verið að búa til færi og skora mörk og segir hann góðar líkur á að hún muni byrja þessa tvo leiki. Síðar í þessum mánuði hefur A-landslið kvenna leik í Þjóðadeildinni en fyrsti leikurinn er þann 22. september á móti Wales og síðar mæta þær Þýskalandi þann 26. september.

SJ



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Gott gengi í golfi 50+



Íslandsmót golfklúbba í 4. deild karla 2023 50+ fór fram á Hellishólum í Fljótshlíð dagana 24.-26. ágúst. Alls tóku fjögur lið þátt. Golfklúbbur Bolungarvíkur, Golfklúbbur Hornafjarðar, Golfklúbburinn Þverá Hellishólum og Golfklúbburinn Jökull.

Sveit Golfklúbbsins Jökuls lenti í öðru sæti á mótinu. Sveitina skipuðu Jón Bjarki Jónatansson, Sigurður Pröstur Gunnarsson, Guðbjörn Egilsson, Magnús Gylfason og Jóhann Pétursson. Myndin er fengin af golf.is.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Lions gefur Krílakoti leiktæki



Lionsklúbbur Ólafsvíkur leggur sig fram um að leggja lið í samfélaginu, meðal þess sem klúbburinn hefur gert er að styðja við leikskólann Krílakot í Ólafsvík. Í vor var ákveðið að styrkja leikskólann með kaupum á leiktæki sem áhugi var á að fá á leikskólalóðina, þetta leiktæki gengur undir nafninu Ormurinn.

Í síðustu viku fór fram formleg afhending leiktækisins og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri, Hermína Lárusdóttir leikskólastjóri og Hilmar Már Arason formaður Lionsklúbbs Ólafsvíkur tókust í hendur í til efni af afhendingunni.

JÓ



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Notuðu góða veðrið í að tína rusl



Börnin á Rauðu deildinni á leikskólanum Krílakoti gerðu góðverk í vikunni þegar þau fóru í vettvangsferð og tíndu rusl í Ólafsvík. Veðrið var mjög gott þennan dag og ákváðu starfsmenn að nýta daginn í fræðandi útiveru í tilefni af degi íslenskrar náttúru sem er 16. september ár hvert. 16. september er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar, en sem fréttá- og þáttagerðarmaður hefur hann verið óþreypandi við að opna augu almennings fyrir þeim auðæfum sem felast í náttúru landsins og mikilvægi þess að vernda hana og varðveita. Að lokinni tínslu voru krakkarnir með fulla poka af rusli sem þau höfðu fundið á göngu sinni um bæinn. Börnin skemmtu sér vel við iðjuna og hlakka til að fara aftur í rusla leiðangur.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Réttir að hefjast



Réttir eru víða framundan á Snæfellsnesi með tilheyrandi hauststemningu, jarmi, réttarkaffi og gleði. Í Hrafnkelsstaðarétt og Mýrum í Grundarfirði, Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rífi og Ólafsvíkurétt í Ólafsvík verður réttað þann 16. september næstkomandi. Í Ólafsvík eins og víða annars staðar hefur skapast sú hefð að bjóða upp á kjötsúpu og veitingar, réttargestir

eru boðnir velkomnir í fjárhúsið Lambafell þar sem boðið verður upp á súpuna frá kl 11:30. Réttirnar hefjast svo klukkan 12:30.

Þann 23. september verður svo réttað í Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Grafarrétt í Breiðuvík og Ölkeldurétt í Staðarsveit. Mikil gleði er alltaf í kringum réttir og eru því allir hvattir til að mæta og vera með í gleðskapnum.

JJ

## Frumskýning á Heimaleiknum

Heimildamyndin „Heimaleikurinn“ verður frumsýnd í Bíó Paradís þann 16. september næstkomandi. Ennþá eru til miðar á sýninguna og er hægt að nálgast þá á [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is). Myndin hefur fengið góða dóma og vann Einarinn, áhorfendaverðlaun Skjaldborgar 2023. Hún hefur einnig verið tilnefnd til verðlauna sem besta norræna heimildarmyndin á kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama. Sú hátíð fer fram 21.-26. september.

JJ



Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



# Mættu gulklædd á bæjarstjórnarfund

Gulur september er genginn í garð en hann er samvinnuverkefni stofnana og félagsamtaka sem vinna saman að geðrækt og sjálfsvígsvörnum. Í september er ætlunin að auka meðvitund fólks um mikilvægi geðræktar og sjálfsvígsvorvarna en þessi mánuður varð fyrir valinu þar sem Alþjóðlegur forvarndagur sjálfsvíga er 10. september og Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er 10. október. Í ár er sérstök áhersla lögð á geðrækt á vinnustöðum með slagorðinu „Er allt í GULU á þínum vinnustað?“ og var 7. september gulur dagur þar sem öll voru hvött til að klæðast og skreyta með gulu.

Að gulum september standa fulltrúar frá Embætti landlæknis, Geðhjálp, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala, Minningarsjóði Orra Ómarssonar, Pieta samtökunum, Rauða krossinum, SÁÁ, Sorgarmiðstöð,



Þjóðkirkjunni og Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu. Á meðfylgjandi mynd eru bæjarfulltrúar Snæfellsbæjar á sínum fyrsta fundi eftir sumarfrí þann 7. september klædd gulu í tilefni dagsins.

SJ


## Lífsbjörg stóð hálandisvaktina



Á hverju sumri halda sjálfbóðaliðar á vegum björgunarsveita landsins upp á hálandið og eru til staðar fyrir fjöldann allan af útivistarfólki og ferðamönnum sem eiga þar leið um. Í ár stóðu sjálfbóðaliðar vaktina inn í Landmannalaugum, í Nýjadal á Sprengisandi og í Herðubreiðarlindum en þetta er 17. árið sem björgunarsveitir landsins manna hálandisvaktina. Áður var það á björgunarsveitum nærliggjandi þéttbýliskjarna að sinna útköllum á hálandinu svo keyra þurfti langar vegalengdir og mikið álag var á björgunarsveitunum. Í framhaldi fóru björgunarsveitir af öllu landinu að skipta með sér vöktum uppi á hálandinu og segir Ægir Þór Þórsson, meðlimur björgunarsveitarinnar Lífsbjargar, að þessar vaktir séu bæði gott frí fyrir sjálfbóðaliðana auk þess sem þetta er frábært tækifæri til að kynnast landinu, sinna fjölbreytt-

um verkefnum og góður félagskapur. Níu sjálfbóðaliðar frá Lífsbjörgu héldu inn í Landmannalaugar í sumar og stóðu þar vaktina í viku. Mikið er um göngufólk á svæðinu og vandamálin misstór en á þessari einu viku sinntu sjálfbóðaliðarnir frá Snæfellsbæ 36 verkefnum, allt frá hælærindum og ökklabrotum upp í bílaaðstoð. Þrjú útköllin voru vegna veikinda og önnur þrjú vegna slysa þar sem flytja þurfti einstaklinga til umönnunar. Sjálfbóðaliðarnir fá ýmis verkefni á hálandinu sem þau eru ekki vön að sinna á heimaslóðum og segir Ægir að mjög lærdómsríkt sé að standa vaktina. Hálandisvaktin er eitt af þeim skemmtilegu verkefnum sem fylgja því að vera í björgunarsveitinni, stór og smá útköll sem gaman er að fá og góð teymisvinna einkennir dvölinna.

SJ



### Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

verður haldinn mánudaginn 18. september nk  
í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju kl 17,30.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022
2. Ársreikningur fyrir árið 2022 lagður fram
3. Sóknarprestur fer yfir starfið á árinu
4. Kosningar
5. Framtíð líkhússins í Ólafsvík
6. Önnur mál

Kaffveitingar

Mætum sem flest og höfum áhrif á störf kirkjunnar okkar

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju